

LISTDANSBRAUT MH

NÁMSLEIÐ: KLASSÍSK LISTDANSBRAUT

ÁFANGALÝSINGAR

Ballettáfangar

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: **KLAD2JN05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Jafnvægi/Nákvæmni**

Staða:

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing: Lögð er áhersla á líkamsstöðu, nákvæma líkamsbeitingu og hreyfingar í allar áttir við mismunandi takttegundir tónlistar. Þjálfað er jafnvægi og æfðar hraðar skiptingar frá einum þyngdarpunkti líkamans yfir á annan. Þá er lögð áhersla á stigvaxandi styrk í hoppum og æ flóknari útfærslur á þeim, meira flæði í hreyfingum og samsettum sporum auk mýktar og sveigjanleika. Stuðst er við uppbyggingu sjötta árs Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur:

Grunnnám í klassískum listdansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Rétttri líkamsstöðu og líkamsbeitingu útfrá klassískri tækni.
- Hvernig jafnvægi í hreyfingu stýrist af nákvæmri líkamsstöðu og þyngdarpunkti í hreyfingu.
- Helstu efnisatriðum og kjarnahugtökum í klassískri balletttækni.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Samhæfa hreyfingar og tónlist.

- Stöðva hreyfingu með annan fótinn á gólfi og hinn á lofti.
- Snúa einn hring með annan fótinn teygðan til hliðar.
- Framkvæma lítil hopp af nákvæmni og geti víxlað fótunum í loftinu.
- Halda jafnvægi í mismunandi líkamsstöðum og færa líkamsþunga frá öðrum fæti til hins á mismunandi hraða á yfirvegaðan hátt.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Dansa út frá rými og nota allar áttir rýmis í hreyfingu.
- Útfæra samhæðar danshreyfingar af nákvæmni, öryggi og festu.
- Túlka í hreyfingu mismunandi taktáherslur og blæbrigði í tónlist.
- Öðlast meiri styrk og snerpu í hreyfingum en jafnframt aukin sveigjanleika, mýkt og flæði.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: **KLAD2SH05**

Námshæfi: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Samhæfing**

Staða:

Þrep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Haldið er áfram tæknivinnu sem lýst er í fyrri áfanga. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér orðaforða klassískrar balletttækni og geti tengt helstu tónlistarhugtök klassíska ballettsins við mismunandi hreyfingar og samhæft hreyfingar og tónlist. Tekist er á við flóknari samsettar æfingar sem þjálfaðar eru til að bæta samhæfingu og líkamsstyrk. Þá er áhersla lögð á að nemendur æfist í að hreyfa sig í mismunandi áttir og þrói með sér tilfinningu fyrir rými í samvinnu við aðra. Með auknu öryggi í gólfæfingum fá nemendur útrás fyrir dansgleði. Stuðst er við uppbyggingu sjötta árs Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur:

KLAD2JN05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Öllum helstu efnisatriðum og kjarnahugtökum klassískrar tækni.
- Hvernig flæði hreyfinga skapast útfrá samsetningu og samhæfingu ólíkra líkamshreyfinga við tónlist.
- Hvernig dýpka má samhæfingu hreyfinga með því að efla með sér hlustun og tilfinningu fyrir mismunandi blæbrigðum og takti í tónlist.
- Helstu tónlistarhugtökum sem notuð eru í klassískum dansi, s.s. adagio, allegro, grand allegro vals, polka, mazurka, o.fl.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Framkvæma flóknar og samsettar tækniæfingar.
- Hreyfa sig útfrá rými í mismunandi áttir.
- Samhæfa hreyfingar við mismunandi blæbrigði og takt í tónlist.
- Dansa af tilfinningu, útfrá rými í samvinnu við hóp.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Þroska með sér dýpri samhæfingu í hreyfingum.
- Öðlast meiri tilfinningu fyrir samhæfingu og samspili líkamshreyfinga við tónlist.
- Efla með sér næmi, rýmisgreind og samstarfshæfni.
- Bæta sig í flóknum og samsettum tækniæfingum.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum útrá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: **KLAD3ST05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Styrkur/Tjáning**

Staða:

Prep: **3**

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Í áfanganum er haldið áfram með æfingar fyrri áfanga en lögð áhersla á fleiri og flóknari samsetningar. Nemendur eru þjálfaðir enn betur í mismunandi takttegundum og hraða þar sem áttir og snúningar verða sífellt flóknari og tjáning og dansgleði fær aukið svigrúm. Þá er lögð áhersla á að byggja upp þrautseigju nemenda þar sem glímt er við stigvaxandi styrk í stórum hoppum. Þjálfaðar eru flóknar hraðaskiptingar frá einum þyngdarpunkti líkamans yfir á annan þar sem jafnvægi er allsráðandi. Ennfremur er fjallað um ólíka tæknilega dansstíla. Stuðst er við sjöunda ár Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur:

KLAD2SH05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Tæknilegum atriðum í flóknari samsettum æfingum.
- Rýmisnotkun og balletthugtökum er varða áttir þegar dansað er s.s. *croisé, ecarté og effacé jeté entrelacé, épaulement og frottée sauté.*
- Tæknilegum útfærslum í mismunandi tegundum af hringjum/snúningum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Færa líkamsþunga frá einum stað á annan í hröðum og flóknum æfingum.
- Halda jafnvægi í mismunandi líkamsstöðum þegar dansað er á hálfhá.
- Tjá mismunandi hlutverk og sýna dansgleði.
- Framkvæma mismunandi tegundir af hringjum og snúningum á yfirvegaðan hátt.
- Stökkva af krafti í stórum stökkum.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Dansa af innlifun og tjái sig af útfrá mismunandi hlutverkum.
- Öðlast meira öryggi og aukinn styrk í flóknum og samsettum æfingum.
- Efla með sér enn frekari rýmisgreind og dansa meðvitað útfrá mismunandi áttum, einn eða í samstarfi við hóp.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: **Framhaldsáfangi** á klassískri listdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: **KLAD3NH05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Næmi/Hlustun**

Staða:

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Áframhaldandi þróun tæknilegrar vinnu á grundvelli fyrri áfanga. Gerðar eru enn meiri kröfur um næmi, hlustun og eftirfylgni nemandans í tónlist og hreyfingu. Jafnframt er unnið enn frekar í að dýpka flæði í hreyfingum útfrá rétttri líkamsbeitingu. Æfðir eru tvöfaldir stórir snúningar, hopp og flóknari æfingar. Meiri áhersla er lögð á tjáningu og útgeislun nemandans. Stuðst er við sjöunda ár Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur:

KLAD3ST05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Rétttri og rangri líkamsbeitingu í hreyfingum sem unnið er með hverju sinni.
- Samspili öndunar og flæðis í hreyfingu.
- Hvernig tónlist getur ýtt undir og skapað mismunandi blæbrigði í hreyfingu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota tónlist til að framkalla mismunandi blæbrigði í hreyfingum.
- Nota öndun til að dýpka flæði hreyfinga.
- Dansa út frá flóknum tóktum, upptöktum og blæbrigðum í tónlist.
- Útfæra að öryggi tvöfalda snúninga og samsett hopp.
- Hlusta á líkamann og byggja upp næmi fyrir samspili hans við öndun, rými, tónlist og meðdansara.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Styrkja sig í tæknilega flóknum og samhæfðum hreyfingum við tónlist.
- Öðlast dýpri tilfinningu fyrir samspili mismunandi þátta í hreyfingu.
- Glæða dans og hreyfingar lífi með því að beita sér af innlifun í túlkun og tjáningu.
- Dýpka eigin hreyfiforða og flæði í líkamshreyfingum.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: **Framhaldsáfangi** á klassískri listdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: **KLAD3LT05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Listræn tjáning**

Staða:

Prep: 3

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er farið að huga markvisst að undirbúningi nemenda undir frekara dansnám á háskólastigi eða atvinnumennsku og þar af leiðandi verða æfingar enn meira krefjandi. Fleiri dansstílar eru kynntir til sögunnar, lögð er áhersla á margvíslega líkamstjáningu þar sem dansgleði og listræn túlkun nemenda er í fyrirrúmi. Á þessu stigi eiga nemendur að kunna öll hugtök og heiti í klassískum listdansi og geta beitt þeim í æfingum. Jákvæð sjálfsgagnrýni og góður sjálfsagi er gott veganesti fyrir framtíð dansara og því er mikilvægt að halda áfram þeirri vinnu. Stuðst er við áttunda ár Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá en kenna má eftir öðrum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur:

KLAD3NH05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Öllum hugtökum ballettsins og hvernig þeim er beitt í æfingum.
- Mismunandi dansstílum innan klassískra dansstíla.
- Hvernig nálgast má efni dansverka útfrá tilfinningu í gegnum túlkun og tjáningu á listrænan hátt.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Tjá sig í dansi og túlka mismunandi hlutverk á listrænan hátt.
- Koma fram á sviði og miðla af listrænum styrk sínum.
- Dansa og samhæfa líkamshreyfingar á leikandi hátt við fjölbreytta tónlist.
- Framkvæma flóknar og tæknilega krefjandi ballettæfingar þar sem reynir á jafnvægi, líkamsstyrk, snerpu, mýkt og sveigjanleika í hreyfingu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna áfram að eigin framförum á gagnrýnin og uppbyggjandi hátt.
- Öðlast enn frekari dýpt og flæði í líkamshreyfingum í dansi.
- Eflast enn frekar í tæknilega krefjandi æfingum.
- Efla með sér sjálfstraust í dansi.
- Nálgast viðfangsefni útfrá persónulegri sýn á listrænan hátt.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum útfrá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Lokaáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: **KLAD4FL05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: Flóknar samsetningar/Listræn tjáning

Staða:

Þrep: 4

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Að loknu námi í þessum áfanga eiga nemendur að vera reiðubúnir að hefja háskólanám í listdansi og/eða stíga sín fyrstu skref í átt að atvinnumennsku í greininni. Lögð er áhersla á aukna samhæfingu, liðleika, kraft, góða líkamsvitund og gott flæði. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér fljótt flóknar samsetningar og dansi þær af öryggi og innlifun.

Listræn tjáning er í hávegum höfð sem og persónuleg túlkun. Í því skyni er lögð áhersla á að byggja upp sjálfstraust nemenda og þjálfá þá í uppbyggilegu sjálfsmati og sjálfstæðum vinnubrögðum. Stuðst er við áttunda ár Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur:

KLAD3LT05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Tilgangi og framkvæmd á öllum efnisatriðum og balletthugtökum.
- Mikilvægi sjálfstæðra vinnubragða til að ná sem bestum árangri.
- Mikilvægi á samstarfshæfni og vönduðum vinnubrögðum til að ná farsælum árangri í samstarfi við aðra.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna sjálfstætt að eigin framförum á ábyrgan og persónulegan hátt.
- Samhæfa ólíka þætti í dansþjálfun s.s. líkamsmeðvitund, liðleika, kraft, jafnvægi, tilfinningu fyrir rými, tóneyra og flæði í hreyfingum.
- Vera fljótur að ná og muna flóknar samsetningar og kóreógrafíu.
- Vinna með öðrum að krefjandi dansverkefnum.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Byggja upp gott sjálfstraust sem ýtir undir persónulegan stíl og þor til að takast á við krefjandi dansverkefni í samstarfi við aðra.
- Öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Dansa af innlifun og veita listrænni tjáningu sinni útrás.
- Vera vel undirbúinn undir framhaldsnám á háskólastigi eða tilbúinn til að stíga sín fyrstu skref í átt að atvinnumennsku í greininni.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

TÁSKÓR – PAS DE DEUX (KVK)

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kvk)

Skammstöfun: TÁSK2CA03

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: Styrkur/Endurtekningar

Staða:

Prep: 2

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Sömu styrktaræfingar eru endurteknar margsinnis við stöng og út á gólfi til þess að nemendur þjálfist í jafnvægi, léttleika og styrkist á fótum. Nemendur kynnast einnig hlutverkum úr hefðbundnum dansverkum í klassískum listdansi og fá að spreyta sig á mismunandi hlutverkum. Í tvídansi er lögð áhersla á samvinnu og traust milli dansfélaga. Þjálfuð eru tæknileg atriði, jafnvægisæfingar, einfaldar lyftur og hvernig líkamspýngdin er notuð.

Forkröfur:

Nemendur skulu hafa lokið grunnnámi í klassískum ballett skv. efstu stigum grunnnáms.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi styrktaræfinga og geri sér grein fyrir tilgangi þeirra.
- Samspili jafnvægis við þyngdarpunkt í hreyfingu og líkamsbeitingu.
- Mikilvægi trausts í samvinnu við dansfélaga.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita líkamanum rétt í styrktaræfingum.
- Lyfta þunga sínum frá mjöðmum og tileinki sér léttleika.
- Endurtaka æfingar á báðum fótum og öðrum fæti og finna jafnvægi út frá rétttri líkamsstöðu.
- Framkvæma einfaldar lyftur í samvinnu við dansfélaga.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Öðlast meira öryggi á táskóm í gegnum þjálfun og styrkjandi æfingar.
- Halda jafnvægi í mismunandi stöðum og dansa léttar samsetningar á táskóm.
- Vinna með dansfélaga og þjálfast í tæknilegum undirstöðuatriðum í tvídansi.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kvk)

Skammstöfun: **TÁSK2CB03**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Samsettar æfingar**

Staða:

Þrep: 2

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Byggt er ofan á efni úr fyrri áfanga. Fleiri og flóknari æfingar bætast við og áfram er unnið í einföldum samsetningum. Þá er áhersla lögð á að byggja upp enn frekari líkamsstyrk, þol og jafnvægi út frá réttri líkamsbeitingu á táskóm. Tónlistin skipar ákveðinn sess í námi listdansins og er mikilvægt að nemendur **fylgi** henni vel eftir í öllum æfingum og dansi. Áhersla er á rýmisnotkun og fleiri dansbrot eru kennd úr mismunandi klassískum dansverkum. Í tvídansi eru nemendur undirbúnir fyrir flóknari lyftur og þeir læra dansbrot úr einföldum tvídönsum úr þekktum dansverkum. Þá er lögð áhersla á góða samvinnu og hlustun milli dansfélaga.

Forkröfur:

TÁSK2CA03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hvernig líkamsþyngdin er notuð, sérstaklega í lyftum með dansfélaga.
- Hvar líkamsmiðja er í flóknari tækniæfingum og vinnu á öðrum fæti t.d. developpés með aðstoð dansfélaga.
- Mikilvægi þess að tileinka sér tillitsemi og hlustun í allri samvinnu við dansfélaga.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Halda réttri líkamsbeitingu í æfingum.
- Ná enn betra jafnvægi á báðum fótum og öðrum fæti.
- Hreyfa sig út frá rými með tilfinningu fyrir staðsetningum og áttum í rýminu.
- Læra og dansa mismunandi hlutverk úr klassískum dansverkum.
- Fylgja tónlist eftir út frá takti og tilfinningu í öllum æfingum og dansi.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Ná góðum tókum á tæknilegum grunnatriðum á táskóm.
- Þjálfast enn frekar í tæknilegum æfingum með dansfélaga t.d. í einföldum og tvöföldum pirouette sem og í hærri lyftum.
- Öðlast meiri styrk í fótum en jafnframt meiri mýkt og sveigjanleika í hreyfingum.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatspáttum.

Titill: **Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kvk)**

Skammstöfun: **TÁSK3DA03**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Flæði/Rýmisnotkun**

Staða:

Þrep: 3

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Í áfanganum þjálfast nemendur í að nýta sér orðaforða og hugtök klassískrar ballettækni af meiri þekkingu og á tæknilegan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist upp meiri styrk og betra jafnvægi í stórum hreyfingum. Þá miðar þjálfunin að því að nemendur nái betri samhæfingu hreyfinga og tónlistar, dýpra flæði í hreyfingum og þjálfist æ betur í rýmisnotkun. Kenndir eru fleiri krefjandi tvídansar, tríó og sóló auk þess sem nemendur fá að kynnst ólíkum dansstílum. Lögð er áhersla á að nemendur nái betri tókum á sviðsstaðsetningu, tónskynjun og listrænni tjáningu. Í tvídansi er áhersla lögð á flóknar tækniæfingar og kynntar eru fleiri og erfiðari lyftur.

Forkröfur:

TÁSK2CB03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Orðaforða og hugtökum klassískrar balletttækni og hvernig þeim er beitt í hreyfingu á tæknilegan hátt.
- Mismunandi dansstílum innan klassískra verka s.s. nýklassískum stílbrigðum.
- Samspili ólíkra þátta í dansverkum s.s. tengsl hreyfinga og kóreógrafíu við rými sem og tengsl tónlistar við blæbrigði í hreyfingum, túlkun og tjáningu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Dansa út frá rými á nákvæman hátt s.s. þegar dansað er í beinni línu, skálinu eða eftir fyrirframgefnu mynstri í hreyfingu og staðsetningum á sviði.
- Framvæma flókin tæknileg atriði í tvídansi sem reyna á styrk, jafnvægi og samvinnu við dansfélaga.
- Vinna með þyngdarflutning og líkamsþyngd í flóknari lyftum.
- Dansa af öryggi og á listrænan hátt flóknar samsetningar og krefjandi hlutverk á tásóm.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Öðlast enn meiri styrk í fótum og betra jafnvægi í stærri hreyfingum.
- Öðlast meiri samhæfingu og dýpra flæði í hreyfingum.
- Þjálfra með sér næmi fyrir rýmisnotkun og geti dansað af innlifun út frá listrænni tjáningu.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kvk)

Skammstöfun: **TÁSK3DB3**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Jafnvægi/Styrkur**

Staða:

Þrep: 3

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Í áfanganum þjálfast nemendur enn frekar í að nýta sér orðaforða og hugtök klassískrar balletttækni á listrænan og tæknilegan hátt. Lögð er áhersla á þrautseigju nemenda við útfærslu á enn flóknari samsettum æfingum. Með fjölbreyttri tónlist fær listræn tjáning og dansgleði nemenda aukið svigrúm. Æfður er aukinn styrkur í stórum hreyfingum þar sem skipting líkamspunga, jafnvægi og flæði er allsráðandi. Í klassískum dansverkum kynnast nemendur enn fleiri ólíkum dansstílum og hvernig verkin tengjast mismunandi tónlist. Í tvídansi er lögð áhersla á flóknari æfingar og að nemendur nái góðum tókum á tæknilegum atriðum í samvinnu við dansfélaga.

Forkröfur:

TÁSK3DA03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi þess að tileinka sér aga og þrautseigju til að ná enn frekari árangri.
- Fjölbreytileika tónlistar í klassískum verkum og samspil ólíkra dansstíla við tónlist.
- Öllum tvídanslyftum sem kynntar hafa verið í fyrri áföngum.
- Tæknilegum undirbúningsæfingum fyrir erfiðari lyftur og flóknum snúningsæfingum með dansfélaga.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna með öndun í hreyfingu og geti unnið án sjáanlegrar áreynslu í flóknum æfingum.
- Læra flóknar samsetningar og spor á skjótan hátt.

- Nota tónlist og fylgja henni vel eftir í gegnum mismunandi taktbreytingar, áherslur og blæbrigði.
- Dansa af innlifun og sýna dansgleði í túlkun og tjáningu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Þroska með sér dýpra flæði í flóknari og samsettum hreyfingum og geti notað öndun til að styðja við og dýpka hreyfiferli.
- Beita líkamsþyngd á réttan hátt í tæknilegum og flóknum tvídansi með dansfélaga.
- Tileinka sér enn frekari samstarfshæfni og listrænan þroska.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: **Framhaldsáfangi** á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (Kvk)

Skammstöfun: **TÁSK3DC03**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Listræn tjáning**

Staða:

Þrep: 3

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er áhersla lögð á að búa nemandur undir framhaldsnám og atvinnumennsku í greininni. Tæknivinna verður enn nákvæmari þar sem liðleiki, kraftur, styrkur og jafnvægi verður allsráðandi auk samhæfingar hreyfinga og tónlistar. Nauðsynlegt er á þessu stigi að nemandur séu fljótir að læra samsetningar, muni þær vel og dansi af innlifun. Þeir þurfa einnig að geta tengt hugtök klassíska ballettsins við allar tækniæfingar. Ekki síst er mikilvægt að styrkja andlega þáttinn þar sem áhersla skal lögð á uppbyggilegt sjálfsmat og sjálfstraust. Valdir eru krefjandi sólódansar úr klassískum dansverkum samdir fyrir kvendansara og aðalkarldansara. Hópdans getur einnig orðið fyrir valinu þar sem hann skiptist í fordans, sóló og lokaatriði þ.e.a.s heilt dansverk. Þá er áhersla lögð á krefjandi tvídansa sem innihalda erfiðar lyftur og flóknari æfingar. Kynntir eru til sögunnar ólíkir stílar í tvídansi og unnið er með ójafnvægi (off balance) líkamans.

Forkröfur:

TÁSK3DB3

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Öllum hugtökum klassíska ballettsins.
- Hvernig unnið er með ójafnvægi (off balance) í tvídansi.
- Samvinnu og krefjandi tæknivinnu í tvídansi.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Samhæfa hreyfingar og tónlist út frá listrænni sýn og nálgun.
- Nýta blæbrigði tónlistar til að byggja upp blæbrigði og meiri dýpt í flæði hreyfinga.
- Beita sér af tæknilegri færni og þekkingu í æfingum og dansi.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Undirbúa sig líkamlega og andlega undir þátttöku í framhaldsnámi eða atvinnumennsku.
- Öðlast góðan liðleika, kraft, styrk, góða líkamsvitund og gott þol.
- Geta tileinkað sér fljótt ýmis dansverk og munað þau.
- Vinna sjálfstætt að eigin markmiðum og framförum.
- Byggja upp gott sjálfstraust og sjálfsmat með aðstoð kennara.
- Geta dansað krefjandi listdansverk af öryggi og innlifun út frá persónulegri nálgun.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kvk)

Skammstöfun: **TÁSK4EA03**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Tækni/Sjálfstraust**

Staða:

Þrep: **4**

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að styrkja enn frekar tæknivinnu og sjálfstraust. Listræn tjáning er í hávegum höfð og á þessu stigi eru nemendur tilbúnir að hefja framhaldsnám eða stíga sín fyrst skref í atvinnumennsku. Áhersla er lögð á að nemendur hafi mjög gott vald yfir líkama sínum til þess að geta útfært verkefni ætluð fyrir aðaldansara í tvídansi og klassískum dansverkum. Jafnframt er unnið að því að efla sjálfstraust nemenda þannig að persónuleiki þeirra komi enn betur í ljós við útfærslu dansa.

Forkröfur:

TÁSK3DC03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mismunandi og krefjandi lyftum í tvídansi.
- Tæknilega flókinni vinnu svo sem jafnvægi og ójafnvægi ásamt tvöföldum og þreföldum snúningi með dansfélaga.
- Hvernig sjálfstæð, öguð og vönduð vinnubrögð eru forsenda framfara sem og góð samstarfshæfni.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Framkvæma samsettar æfingar með miklum krafti, styrk og góðri samhæfingu.
- Útfæra tæknileg atriði í klassískum sóló dönsum af öryggi og sýni af sér dýpt og gæði í hreyfingum.
- Dansa út frá tæknilegri færni í tvídansi og geti útfært mismunandi lyftur í samstarfi við dansfélaga.

- Halda jafnvægi í erfiðum tækniæfingum og geti beitt sér útfrá rétttri líkamsbeitingu í tvöföldum og þreföldum snúningum með dansfélaga.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Byggja upp gott sjálfstraust svo að persónuleiki geti njótið sín í dansinum.
- Dansa af innlifun og öryggi og geti beitt listrænni tjáningu í túlkun.
- Byggja upp nægilegt þol, þrautseigju og vald á flæði hreyfinga til að geta útfært verkefni ætluð aðaldönsurum.
- Vera vel undirbúinn og tilbúinn til að hefja framhaldsnám á háskólastigi eða takast á við fyrstu skref í átt að atvinnumennsku.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum útfrá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

STYRKARÞJÁLFUN STRÁKA – PAS DE DEUX (KK)

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kk)

Skammstöfun: PDDX1CA03

Námshgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: Styrkur/Jafnvægi

Staða:

Þrep: 1

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Áhersla er á styrktarþjálfun og jafnvægisæfingar auk þess sem nemendur kynnast hlutverkum úr hefðbundnum dansverkum í klassískum listdansi og fá að spreyta sig á mismunandi hlutverkum. Í tvídansi er lögð áhersla á samvinnu og traust milli dansfélaga. Þjálfuð eru tæknileg atriði, einfaldar lyftur og hvernig líkamsþyngdin er notuð.

Forkröfur:

Nemendur skulu hafa lokið grunnnámi í klassískum ballett skv. efstu stigum grunnnáms.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi styrktaræfinga og geri sér grein fyrir tilgangi þeirra.
- Samspili jafnvægis við þyngdarpunkt í hreyfingu og líkamsbeitingu.
- Mikilvægi trausts í samvinnu við dansfélaga.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita líkamanum rétt í styrktaræfingum.
- Endurtaka æfingar á báðum fótum og öðrum fæti og finna jafnvægi út frá réttri líkamsstöðu.
- Vinna með dansfélaga og framkvæma einfaldar lyftur í samvinnu við dansfélaga.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Öðlast meira öryggi í danstækniæfingum í gegnum þjálfun og styrkjandi æfingar.
- Halda jafnvægi í mismunandi stöðum og dansa léttar samsetningar með stórum stökkum.
- Vinna með dansfélaga og þjálfast í tæknilegum undirstöðuatriðum í tvídansi.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kk)

Skammstöfun: PDDX1CB03

Námshæð: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Styrkur/Hlustun**

Staða:

Þrep: 1

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Byggt er ofan á efni úr fyrri áfanga. Áhersla er lögð á að byggja upp enn frekari líkamsstyrk, þol og jafnvægi út frá rétttri líkamsbeitingu. Tónlistin skipar ákveðinn sess í námi listdansins og er mikilvægt að nemendur fylgja henni vel eftir í öllum æfingum og dansi. Áhersla er á rýmisnotkun og fleiri dansbrot eru kennd úr mismunandi klassískum dansverkum. Í tvídansi eru nemendur undirbúnir fyrir flóknari lyftur og þeir læra dansbrot úr einföldum tvídönsum úr þekktum dansverkum. Þá er lögð áhersla á góða samvinnu og hlustun milli dansfélaga.

Forkröfur:

PDDX1CA03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Rétttri líkamsbeitingu og geti beitt henni í styrktaræfingum.
- Hvernig líkamsþyngdin er notuð, sérstaklega í lyftum með dansfélaga.
- Mikilvægi þess að tileinka sér tillitsemi og hlustun í allri samvinnu við dansfélaga.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Halda rétttri líkamsbeitingu í æfingum.
- Ná enn betra jafnvægi á báðum fótum og öðrum fæti.
- Hreyfa sig út frá rými með tilfinningu fyrir staðsetningum og áttum í rýminu.
- Læra og dansa mismunandi hlutverk úr klassískum dansverkum.
- Fylgja tónlist eftir út frá takti og tilfinningu í öllum æfingum og dansi.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Öðlast meiri líkamsstyrk, betri líkamsvitund og gott jafnvægi í tækniæfingum.
- Þjálfast enn frekar í tæknilegum æfingum með dansfélaga og geti lyft dansfélaga í einföldum lyftum.
- Öðlast meiri líkamsstyrk en jafnframt meiri mýkt og sveigjanleika í hreyfingum.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: **Framhaldsáfangi** á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kk)

Skammstöfun: **PDDX2DA03**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Samspil/Úthald**

Staða:

Prep: 2

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Í áfanganum þjálfast nemendur í að nýta sér orðaforða og hugtök klassískrar balletttækni af meiri þekkingu og á tæknilegan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfu upp enn meiri styrk og betra jafnvægi í stórum hreyfingum. Þá miðar þjálfunin að auknu úthaldi og betri samhæfingu hreyfinga og tónlistar. Kenndir eru fleiri krefjandi tvídansar, tríó og sóló auk þess sem nemendur fá að kynna ólíkum dansstílum. Lögð er áhersla á að nemendur nái betri tökum á rýmisnotkun og sviðsstaðsetningum sem og tónskynjun og listrænni tjáningu. Í tvídansi er áhersla lögð á flóknar tækniæfingar og kynntar eru fleiri og erfiðari lyftur.

Forkröfur:

PDDX1CB03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Orðaforða og hugtökum klassískrar balletttækni og hvernig þeim er beitt í hreyfingu á tæknilegan hátt.

- Mismunandi dansstílum innan klassískra verka s.s. nýklassískum stílbrigðum.
- Samspili ólíkra þátta í dansverkum s.s. tengsl hreyfinga og kóreógrafíu við rými sem og tengsl tónlistar við blæbrigði í hreyfingum, túlkun og tjáningu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Dansa útfrá rými á nákvæman hátt s.s. þegar dansað er í beinni línu, skálinu eða eftir fyrirframgefnu mynstri í hreyfingu og staðsetningum á sviði.
- Framvæma flókin tæknileg atriði í tvídansi sem reyna á styrk, úthald, jafnvægi og samvinnu við dansfélaga.
- Vinna með þyngdarflutning og líkamsþyngd í flóknari lyftum.
- Dansa af öryggi og á listrænan hátt flóknar samsetningar og krefjandi karlkyns hlutverk.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Öðlast enn meiri líkamsstyrk, betra úthald og jafnvægi í stærri hreyfingum.
- Öðlast meiri samhæfingu og dýpra flæði í hreyfingum.
- Þjálfar með sér næmi fyrir rýmisnotkun og geti dansað af innlifun útfrá listrænni tjáningu.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum útfrá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kk)

Skammstöfun: **PDDX2DB03**

Námshægræin: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: Tækni/Stórar lyftur

Staða:
Prep: 2
Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Í áfanganum þjálfast nemendur enn frekar í að nýta sér orðaforða og hugtök klassískrar balletttækni á listrænan og tæknilegan hátt. Lögð er áhersla á þrautseigju nemenda við útfærslu á enn flóknari samsettum æfingum. Æfður er aukinn styrkur í stórum hreyfingum þar sem skipting líkamspunga, jafnvægi og flæði er allsráðandi. Í klassískum dansverkum kynnast nemendur enn fleiri ólíkum dansstílum og hvernig verkin tengjast mismunandi tónlist. Í tvídansi er lögð áhersla á flóknari æfingar og stærri lyftur. Efni áfanga miðar að því að nemendur nái góðum tókum á tæknilegum atriðum í samvinnu við dansfélaga.

Forkröfur:

PDDX2DA03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi þess að tileinka sér aga og þrautseigju til að ná enn frekari árangri.
- Fjölbreytileika tónlistar í klassískum verkum og samspil ólíkra dansstíla við tónlist.
- Öllum tvídanslyftum sem kynntar hafa verið í fyrri áföngum.
- Tæknilegum undirbúningsæfingum fyrir erfiðari lyftur og flóknum snúningsæfingum með dansfélaga.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna með öndun í hreyfingu og geti unnið án sjáanlegrar áreynslu í flóknum tækniæfingum.
- Læra flóknar samsetningar og spor á skjótan hátt.
- Nota tónlist og fylgja henni vel eftir í gegnum mismunandi taktbreytingar, áherslur og blæbrigði.
- Vinna með líkamspunga, jafnvægi, samhæfingu, mýkt og styrk í gegnum flæði og samsetningu hreyfinga.

- Geti framkvæmt stærri lyftur í samstarfi við dansfélaga.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Þroska með sér dýpra flæði í flóknari og samsettum hreyfingum og geti notað öndun til að styðja við og dýpka hreyfiferli.
- Beita líkamsþyngd á réttan hátt í tæknilegum og flóknum tvídansi með dansfélaga.
- Tileinka sér enn frekari samstarfshæfni og listrænan þroska.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: **Framhaldsáfangi** á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kk)

Skammstöfun: **PDDX3EA03**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Krefjandi lyftur/Ójafnvægi**

Staða:

Þrep: 3

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er áhersla lögð á að búa nemendur undir framhaldsnám og atvinnumennsku í greininni. Tæknivinna verður enn nákvæmari þar sem liðleiki, kraftur, styrkur og jafnvægi verður allsráðandi auk samhæfingar hreyfinga og tónlistar. Nauðsynlegt er á þessu stigi að nemendur séu fljótir að læra samsetningar, muni þær vel og dansi af innlifun. Þeir þurfa einnig að geta tengt hugtök klassíska ballettsins við allar tækniæfingar. Ekki síst er mikilvægt að styrkja andlega þáttinn þar sem áhersla skal lögð á uppbyggilegt sjálfsmat og sjálfstraust. Valdir eru krefjandi sólódansar úr klassískum dansverkum samdir fyrir kvendansara og aðalkarldansara. Hópdans getur einnig orðið fyrir valinu þar sem hann skiptist í fordans, sóló og lokaatriði þ.e.a.s heilt dansverk. Þá er áhersla lögð á krefjandi tvídansa sem innihalda krefjandi lyftur og flóknari æfingar.

Kynntir eru til sögunnar ólíkir stílar í tvídansi og unnið er með ójafnvægi (off balance) líkamans.

Forkröfur:

PDDX2DB03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Öllum hugtökum klassíska ballettsins.
- Hvernig unnið er með ójafnvægi (off balance) í tvídansi.
- Samvinnu og krefjandi tæknivinnu í tvídansi.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Samhæfa hreyfingar og tónlist útfrá listrænni sýn og nálgun.
- Nýta blæbrigði tónlistar til að byggja upp blæbrigði og meiri dýpt í flæði hreyfinga.
- Beita sér af tæknilegri færni og þekkingu flóknum æfingum og krefjandi lyftum.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Undirbúa sig líkamlega og andlega undir þátttöku í framhaldsnámi eða atvinnumennsku.
- Öðlast góðan liðleika, kraft, styrk, góða líkamsvitund og gott þol.
- Geta tileinkað sér fljótt ýmis dansverk og munað þau.
- Vinna sjálfstætt að eigin markmiðum og framförum.
- Byggja upp gott sjálfstraust og sjálfsmat með aðstoð kennara.
- Geta dansað krefjandi listdansverk af öryggi og innlifun útfrá persónulegri og listrænni nálgun.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur l sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum útfrá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, klassískur ballett (kk)

Skammstöfun: PDDX3EB03

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Krefjandi dansverk/Stórar lyftur**

Staða:

Prep: 3

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að styrkja enn frekar tæknivinnu, bæta líkamsstyrk, líkamsvitund og efla sjálfstraust. Listræn tjáning er í hávegum höfð og á þessu stigi eru nemendur tilbúnir að hefja framhaldsnám eða stíga sín fyrst skref í atvinnumennsku. Áhersla er lögð á að nemendur hafi mjög gott vald yfir líkama sínum til þess að geta dansað krefjandi tvídans og tekist á við stórar lyftur í klassískum dansverkum. Lögð er áhersla á persónulega nálgun í túlkun og listrænni tjáningu.

Forkröfur:

PDDX3EA03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mismunandi og krefjandi lyftum í tvídansi.
- Tæknilega flókinni samvinnu milli dansfélaga sem reynir á jafnvægi og ójafnvægi.
- Hvernig sjálfstæð, öguð og vönduð vinnubrögð eru forsenda framfara sem og góð samstarfshæfni.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Framkvæma samsettar æfingar með miklum krafti, styrk og góðri samhæfingu.
- Útfæra tæknileg atriði af öryggi og sýni af sér dýpt og gæði í hreyfingum.
- Dansa útfrá tæknilegri færni í tvídansi og geti útfært minni og stærri lyftur af öryggi í samstarfi við dansfélaga.
- Halda jafnvægi í erfiðum tækniæfingum og geti beitt sér útfrá góðum líkamsstyrk og rétttri líkamsbeitingu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Byggja upp gott sjálfstraust svo að persónuleiki geti njótið sín í dansinum.
- Dansa af innlifun og öryggi og geti beitt listrænni tjáningu í túlkun.
- Byggja upp nægilegt þol, þrautseigju og vald á flæði hreyfinga til að geta útfært verkefni ætluð aðaldönsurum.
- Vera vel undirbúinn og tilbúinn til að hefja framhaldsnám á háskólastigi eða takast á við fyrstu skref í átt að atvinnumennsku.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum útfrá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

NÚTÍMADANSÁFANGAR

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: **NTDA2NR05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Nútímalistdans – Release tækni**

Staða:

Þrep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er ætlað að efla líkamsvitund og líkamsgreind (intellectual body) og þar með hæfni

til að tjá tilfinningar, hugsanir og hugmyndir með hreyfingu. Lögð er áhersla á öndun, líkamsstöðu, líkamsstjórn, notkun þyngdarafls, rýmisskynjun og sjálfsvitund.

Í forgrunni er hugmyndin um fall and rebound (fall og frákast) sbr. José Limón sem og release tækni er byggir á hugmyndafræði frumkvöðlanna Eric Hawkins og Joan Skinner.

Forkröfur:

Grunnnám í nútímadansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hvernig tæknin er hugsuð sem leið til að þjálfa líkamsgreind, líkamsvitund og rýmisskynjun.
- Undirstöðuatriðum rétttrar líkamsstöðu og geti skoðað hana í ljósi þeirra jarðeðlisfræðilegu krafta sem á hana virka (þyngdarlögmálið).
- Hugtökunum fall, rebound, and suspension og hvernig þau virka í hreyfingu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna með líkamanum útfrá réttri líkamsstöðu og geti notað þyngdaraflið í mismunandi hreyfingum.
- Losa um spennu í liðamótum og náí með því betri nýtingu á orku í hreyfingu sem og betri samhæfingu í hreyfingu og vöðvavirkni.
- Nota öndun til að dýpka flæði og dínámík í hreyfingu og hafi öðlast góða tilfinningu fyrir samspili líkamshreyfinga við mismunandi hrynjanda í tónlist.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Dansa með tilfinningu fyrir hrynjandi og dínámík í hreyfingu .
- Nýta sér tæknilega færni í dansi og náí að vinna með eigin líkama sem verkfæri til persónulegrar túlkunar og tjáningar.
- Efla með sér líkamsvitund og tilfinningu fyrir flæði í líkamshreyfingum.
- Dýpka með sér rýmisgreind og rýmisnotkun í dansi.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum útfrá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatspáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: **NTDA2NG05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Nútímalistdans – Grahamtækni**

Staða:

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Efni áfangans byggir á nútímadanstækni Mörthu Graham, leitast er við að kenna helstu lykilatriði og grunnáherslur tækninnar. Tæknin byggir á mikilvægi öndunar í hreyfingu, sterkri miðju, stöðugu baki og efri hluta líkama og notkun *contraction* og *release* (samdrátt og slökun) sem hvata hreyfinga. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfu upp sterkan og stæltan líkama jafnframt því að þroska sköpunargáfu sína. Tengsl tónlistar og hreyfinga eru mikilvægir þættir í kennslunni ekki hvað síst skilningur á áhrifum og möguleikum niðurslags í tónlist (down beat).

Forkröfur:

Grunnnám í nútímadansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Lykilatriðum og áherslum Grahamstílsins og geti yfirfært þá þekkingu á eigin líkama.
- Hvernig gólfvinna styrkir vöðva í baki og kringum hryggjarsúluna.
- Hvernig hreyfikerfi Graham þróar djúpan vöðvastöðugleika og líkamsvirkni.
- Geri sér grein fyrir mikilvægi samspils öndunar og líkamshreyfinga samkvæmt Grahamtækninni.

- Á hlutverki tónlistar s.s. niðurslagsins og taktbreytinga og hvernig tónlistin er notuð sem hvati í hreyfikerfi Graham.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Framkvæma grunnhreyfingar byggðar á danstækni Graham.
- Framkvæma contraction – release í kyrrstöðu sem og í hreyfisamsetningum.
- Samhæfa öndun, hreyfingu og tónlist útfrá hreyfikerfi Graham.
- Stjórna öndun og finna hvernig öndunin getur gefið meiri dýpt og orku í flæði líkamshreyfinga.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nýta sér tæknilegar áherslur Grahamtækninnar í dansi.
- Öðlast aukin skilning á eiginleikum og tilgangi ólíkra danstækniæfinga.
- Þróa með sér tilfinningalega tengingu við hreyfingar í danstúlkun og geti notað tónlist sem hvata til að undirstrika áherslur og blæbrigði hreyfinga.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum útfrá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: **NTDA3NG05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Nútímalistdans – Grahamtækni**

Staða:

Þrep: 3

Einingajöldi: 5

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er kafað dýpra í efni fyrri áfanga. Nemendur halda áfram að tileinka sér grunnæfingar og áherslur Grahamstílsins en jafnframt er leitast við að þróa og móta nýjar leiðir í dansstíl og danstækni útfrá tæknilegum grunni Graham.

Forkröfur:

NTDA2NG05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Uppruna og markmiðum Grahamtækninnar.
- Hlutverki tónlistar t.d. mikilvægi niðurslagsins og hvernig hreyfikerfi Graham byggir á mismunandi taktáherslum og blæbrigðum í tónlist.
- Hvernig nýta má grunnþætti Grahamtækninnar í dansþjálfun til að auka líkamsstyrk, vöðvastjórnun, tæknilega færni og tónlistarvitund.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna útfrá miðju líkamans í hreyfiferli.
- Framkvæma krefjandi danstækniæfingar byggðar á hreyfikerfi Graham.
- Vinna dýpra með samspil öndunar, hreyfingar og tónlistar.
- Skynja aðferðir Graham til að ná fram tilfinningalegri tengingu í danstúlkun.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Dýpka enn frekar tæknilega þekkingu sína og færni og hafi öðlast dýpri skilning á eiginleikum og tilgangi ólíkra danstækniæfinga.
- Þroska með sér dýpri tónlistarvitund og næmi fyrir samspili hreyfinga og tónlistar.
- Samhæfa tónlist, hreyfingu og danstúlkun og geti á leikandi hátt dansað við fjölbreytta nútíma- og samtímatónlist.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur I sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatspáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: **NTDA2NC05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Nútímadans – Cunningham**

Staða:

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Í Cunninghamtækni er hreyfing líkamans markmið í sjálfu sér. Lögð er áhersla á að líkaminn sé margslunginn (multiple body) og geti tileinkað sér flókin hreyfimyndur er lúta að tíma og rými. Litið er á líkamann sem óhlutbundið verkfæri sem nemendur læra að nota hugvitsamlega. Fram fer kerfisbundin könnun á mismunandi hreyfinguleikum ólíkra líkamshluta þar sem lykilhugtök eru *spinal curves, arches and twists, leg lifts, knee bends and brushes of the foot*. Aðaláhersla er á skýra líkamlega framsögn (body articulation) og tengsl við rýmið. Unnið er með hreyfiferli og samsetningar í verkefnum þar sem úrlausnir byggja á hugkvæmni nemenda (problem solving). Lögð er áhersla á sjálfsaga nemenda.

Forkröfur:

Grunnnám í nútímadansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Að tæknin byggir á hugmyndinni um að líkaminn sem verkfæri dansarans sé samspil beina, sína, vöðva og tauga.
- Að markmið tækninnar er að framkvæma skýrar hreyfingar í tíma og rými.
- Á grundvallarhugmyndum Cunninghamtækninnar og þekki 5 grunnstöður baksins.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Halda handleggjum og öxlum léttum og fljótandi og hafi náð tilfinningu fyrir því hvernig höfuðið situr létt efst á hryggnum og flæðir með í hreyfingum.
- Samhæfa léttu og hraða fótavinnu.
- Láta efri hluta líkamans snúast á átakalausán hátt um lóðréttan ás.
- Vinna útfrá grundvallarhugmyndum Cunningham og geti nýtt sér þær í æfingum til tæknilegra framfara.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Framkvæma krefjandi hreyfiferli og samsettar æfingar útfrá tæknilegum grunni Cunninghamtækninnar.
- Skapa skýrleika í líkamshreyfingum og geti dansað af tilfinningu útfrá líkama og rými.
- Nota fjölbreytta tónlist og/eða hljóðheim í dansi.

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: **NTDA3NC05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Nútímadans – Cunningham**

Staða:

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Í áfanganum halda nemendur áfram að endurskoða líkamlega getu og tileinka sér nýja hreyfifærni útfrá hugmyndafræði Cunninghams. Áfram er markmiðið að stuðla að þróun líkamsgreindar og mótun stærri og viðbragðssneggri líkama. Hver kennslustund byggir á sérstakri danssmíði eða hreyfisamsetningu þar sem nemendur einbeita sér að skýrri

túlkun og framsögn. Skýr framsetning flókinna atriða og skjótar skiptingar á weight, focus and polyrhythmic patterns mismunandi líkamshluta í nákvæmlega mótuðu hreyfiferli yfir gólfið skipta hér mestu máli. Áherslan er jöfnum höndum lögð á danssmíðar og dans þar sem tækni og fagurfræði situr í fyrirrúmi. Nemendur læra að þekkja muninn á sköpun og greiningu og æfast í að skoða dansinn út frá mismunandi möguleikum í stað réttra eða rangra gjörða. Nemendum er gefið tækifæri á að vinna með lifandi tónlistarflutning í tímum þar sem unnið er með samspil tónlistar og hreyfingar í tíma og rými. Þegar hér er komið í náminu fer frelsi nemandans vaxandi og kennarinn verður fremur leiðbeinandi og ráðgjafi sem aðstoðar hann við að móta sjálfstæði sitt sem framtíðarlistamanns.

Forkröfur:

NTDA2NC05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Að samkvæmt aðferðafræði Cunningham er dansari ekki í hlutverki þegar hann dansar heldur dansar hann „sjálfan sig” .
- Að samkvæmt aðferðarfræði Cunningham er dansari hvorki að tjá tilfinningu né að miðla frásögn.
- Samþættingu tónlistar og danslistar og að að allar listgreinarnar sem taka þátt í danssýningu séu jafn réttháar og tengist ekki að öðru leyti en því að vera staddar samtímis á sama stað í tíma og rými.
- Að allir staðir í dansrýminu séu jafnir.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Leika sér með hraða hreyfifrasa og hreyfingar yfir gólf.
- Leika sér með lög/hæðir (layers) rýmis í hreyfingu.
- Leika sér með mismunandi formlögun (pathways) í rými.
- Leika sér með raðir hreyfinga eða hreyfifrasa.
- Leika sér með áttir í rými.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Efla sig sem dansara í virku samspili við tónlistarmann/lifandi tónlistarflutning.
- Nálgast viðfangsefni af meiri dýpt útfrá aðferðarfræði Cunninghamtækninnar.
- Framkvæma án undirbúnings miklar hraðabreytingar og snögg skipti á áttum í rými
- Dansa án tónlistar með innri hrynjandi og þannig haldið gangandi samskiptum í tíma og rými
- Dansa af tilfinningu fyrir öllum samverkandi þáttum í rými og hafi náð að tileinka sér næmi í hlustun eftir því samspili.

Titill: **Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans**

Skammstöfun: **NTDA2NH05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Nútímadans – Horton**

Staða:

Prep: **2**

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er Hortontæknin kynnt til sögunnar. Tæknin krefst mikils af nemendum bæði andlega og líkamlega og er áhrifarík leið til að þróa líkamann sem hljóðfæri hreyfinga. Við þróun tækninnar sótti Horton í sjóði fjölbreyttra dansstíla, meðal annars djassdansinn og dansmenningu amerískra frumbyggja. Tæknin þróaðist smám saman í kerfi þar sem grunnhugtökin eru *projection, locomotion, improvisation, preludes, rhythm and fortification*. Í þessum áfanga er einkum lögð áhersla á *fortification* þ.e. styrkingu og stöðkkraft líkamans þar sem mjög reynir á bak, kvið og lærvöðva.

Forkröfur:

Grunnnám í nútímadansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hugmyndafræði tækninnar og geti nýtt sér þá þekkingu til eigin framfara.

- Bakgrunni og þróun tækninnar.
- Að markmið tækninnar er að liðka og styrkja mismunandi líkamssvæði út frá heildrænni sýn á mannlíkamann.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nýta sér öndun til að ná fram frekari lengingu og dýpt í líkamshreyfingum.
- Nýta sér æfingar sem miða að auknum liðleika og vöðvastyrk og minnka þannig líkur á meiðslum í líkamsbeitingu.
- Halda takti og tímasetningu í hreyfisamsetningum og geti talið taktslög í hrynsamsetningum.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Samhæfa og einangra líkamshreyfingar í mismunandi hreyfisamsetningum af nákvæmni.
- Kanna möguleika líkamans til að nýta Hortontæknina í þágu eigin túlkunar.
- Opna fyrir möguleika í túlkun með aukinni líkamsvitund.
- Þróa með sér hrynskyn og efla þannig hraða, samhæfingu og flæði í hreyfingum.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: **NTDA3NH05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Nútímadans – Horton**

Staða:

Þrep: 3
Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er kafað dýpra í efni fyrri áfanga. Nemendur halda áfram að tileinka sér grunnæfingar og helstu áherslur Hortontækninnar en æfingarnar verða meira krefjandi og reynir því meira á tæknilega getu nemenda sem og styrk þeirra og úthald. Byggt er á heilðrænni sýn á líkamann og samspili liðleika, styrkleika, samhæfingar, öndunar og líkamsvitundar sem forsendu frjálsrar og persónulegrar túlkunar. Hreyfisamsetningar eru hannaðar á líffærafræðilegum grundvelli en þær eru grundvöllur Hortontækninnar og taka á öllum framangreindum samverkandi þáttum í einu.

Forkröfur:
NTDA2NH05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Að tæknin miðast við að ná fram persónulegri nálgun í hreyfingum líkamans.
- Líffærafræði mannlíkamans og hvernig hún er nýtt til að byggja upp hreyfisamsetningar og tæknilega færni.
- Hvernig tæknin ögrar takmörkum líkamans í hreyfingu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita líkama sínum rétt út frá lögmálum Hortontækninnar.
- Ýta líkama sínum út yfir mörk jafnvægis.
- Nota öndun í hreyfingu til að byggja upp flæði í hreyfingum og leitast við að lengja vöðva og dýpka hreyfingar.
- Samhæfa ólíka líkamshluta í hreyfingu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Opna fyrir eigin persónuleika í túlkun og hreyfingu út frá dýpri og meiri líkamsvitund.

- Efla með sér dýpra hrynskyn og ná meiri tókum á hraða, snerpu, samhæfingu og flæði í hreyfingum.
- Öðlast meiri vöðvastyrk, snerpu, liðleika og þol og getu til að stjórna og samþætta þá þætti útrá áherslum Hortontækninnar í hreyfingu.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum útrá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: **Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans**

Skammstöfun: **NTDA3SD05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Samtímadans (Floorwork)**

Staða:

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Viðfangsefnið í áfanganum er nútímadansinn í samtímanum. Í áfanganum læra nemendur undirstöðu í samtímadanstækni þar sem samspil líkamshreyfinga við gólfflöt er í forgrunni. Aðferðirnar má rekja til ýmissa frumkvöðla í samtímadanstækni s.s. Irmgard Bartanief (Laban), Barböru Mahler (Klein Technique), Bonnie Bainbridge Cohen (Body -Mind Centering) o.fl.

Forkröfur:

Nútímadansáfangar á listdansbraut sem eru skv. 2.hæfniprepi.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hvernig samtímadanstækni liðkar og styrkir mismunandi líkamssvæði út frá heildrænni sín á mannlíkamann.
- Hvernig samtímadanstækni leitast við að ná fram persónulegri nálgun í hreyfingu og mynstri.
- Samspili hugar, líkama og gólfflatar í gólfðanstækni (floorwork).
- Möguleikum samtímadansins til samþættingar og samspils.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Samhæfa og einangra hreyfingar í mismunandi hreyfisamsetningum.
- Dansa í hóp eftir fyrirfram gefnu mynstri og ferðast um rými með tilfinningu fyrir hreyfiferli og áttum í rýminu.
- Tileinka sér fókus og skýrleika í hreyfingum.
- Nota öndun sem undirstöðu í flæði og dýpt hreyfinga.
- Nota gólfið sem *partner* til að skapa dínámík og vídd í hreyfingar.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Efla og þróa með sér tæknilegar aðferðir samtímadansins.
- Gera tilraunir með "*eigin rödd*" í leit að eigin styrkleikum og persónulegri nálgun í dansi og hreyfingum.
- Öðlast dýpri líkamsgreind og tilfinningu fyrir samspili líkamshreyfinga við tónlist og rými.

Námsmat

Símat frá kennara (40%)

Verklegt próf (40%)

Mætingareinkunn (20%)

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum útfra kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

SPUNAÁFANGAR

Titill: Grunnáfangi á listdansbraut, spuni

Skammstöfun: SPDA2MH02

Námshgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: Möguleikar í líkamshreyfingum

Staða:Prep: 2

Einingafjöldi: 2

Áfangalýsing:

Í áfanganum er spuni notaður til að opna nemendum leiðir til að uppgötva áður

Óþekkta möguleika í hreyfingu. Nemendur leitast við að kanna hreyfímöguleika líkamans (movement exploration) samhliða því að þjálfá fókus, einbeitingu og úthald í gegnum spuna. Áhersla er á grunnhreyfingar í stað spora í allri vinnu.

Forkröfur:

Grunnnám í nútímadansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hvernig mismunandi leiðir í samsetningu grunnhreyfinga bjóða upp á mismunandi möguleika í tjáningu.
- Sjálfsprottnum grunnhreyfingum og samsettum danssporum.
- Hvernig mynda má ólík form með mismunandi hreyfingum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Uppgötva mismunandi grunnhreyfingar og blæbrigði hreyfinga.
- Leika sér með mismunandi blæbrigði í líkamshreyfingum og geti sýnt slík blæbrigði.
- Greina mun á staðbundnum hreyfingum og hreyfingum sem ferðast á mismunandi hátt um rýmið.
- Leika sér með mismunandi hreyfímöguleika og hreyfímynstur án þess að leiðast út í lærd dansspor.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nota eigin hreyfímöguleika í líkamstjáningu og kunni að opna fyrir innri hvata í hreyfirannsókn.
- Móta ólík form og hreyfingar með líkamanum í gegnum spuna.
- Byggja upp úthald og fókus í spuna og hreyfirannsóknum.

Námsmat

- Símat frá kennara (50%)
- Verkefnavinna (30%)
- Mætingareinkunn (20%)
- Lokaeinkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, spuni

Skammstöfun: **SPDA2LS02**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Líkamshugmyndir og samskipti**

Staða:

Prep: **2**

Einingafjöldi: 2

Áfangalýsing:

Í áfanganum er haldið áfram að efla skilning nemenda á því að líkaminn sé annars vegar vinnutæki dansarans og hins vegar miðill hreyfinga. Fjallað er um hugmyndir um skiptingu líkamans í svæði, stöðvar og parta (body concepts) og sú nálgun notuð til að auka skilning og færni nemenda í spuna. Einnig er lögð áhersla á innbyrðis samhengi, samband og tengsl mismunandi líkamshluta dansarans, samband tveggja eða fleiri dansara sem og samband dansara við mismunandi þætti dansins.

Forkröfur:

SPDA2MH02

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hugmyndum um skiptingu líkamans (body concepts) og geti unnið með þær í spuna.
- Hvernig líta má á líkamann annars vegar sem heild og hinsvegar sem samsettan úr hlutum, svæðum og stöðvum.
- Mismunandi líkamssvæðum og hvernig nota má hreyfimöguleika þeirra á skapandi hátt.
- Tengslamyndun sem myndast þegar tveir eða fleiri einstaklingar spinna saman og taki tillit til hins aðilans.
- Snertingu og skynji hversu ólík skilaboð snerting getur falið í sér.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Hlusta eftir samspili og sambandi við aðra einstaklinga eða hóp í spuna.
- Mynda og þróa tengsl við aðra í spuna og örva aðra til virkrar þátttöku í hópspuna.
- Stjórna fókus á hreyfingar með markvissri notkun líkamshluta, líkamssvæða og líkamsstöðva.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna með mismunandi líkamsstöðvar í spuna og geti markvisst leikið sér með þær í hreyfingu.

- Nota mismunandi leiðir í spuna í hreyfirannsókn til að opna nýja möguleika á hreyfimyndri og hreyfingum.
- Nýta samband og samspil ólíkra þátta sem skapast í gegnum spuna við aðra einstaklinga eða hóp.
- Leiða og skapa hreyfingu í hópspuna.

Námsmat

- Símat frá kennara (50%)
- Verkefnavinna (30%)
- Mætingareinkunn (20%)
- Lokaeinkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

DANSSMÍÐIÁFANGI

Titill: Grunnáfangi á listdansbraut, danssmíði

Skammstöfun: **DSMÍ2GD02**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Grunnþættir danssmíðanna – rými, tími og orka**

Staða:

Prep: 2

Einingafjöldi: 2

Áfangalýsing:

Þessum áfanga er ætlað að leggja grunn að færni nemenda sem danssmíða og dansara. Fjallað er um grunnþætti danssmíða (rými, tíma og orku) og færni nemenda þróuð. Byggt er á þekkingu nemenda á spunaforminu en áherslan færir frá sjálfskönnun yfir í verkefnaþætti vinnu í gegnum sólóa, dúetta og hópvinnu. Lögð er áhersla á að upplifa, skilgreina og höndla rými, tíma og orku.

Forkröfur:

SPDA2MH02

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hugtakinu rými og hvernig unnið er með það í spuna og sköpun hreyfifrasa.
- Hvernig hreyfiferli í rými býður upp á mismunandi hreyfimöguleika.
- Hvernig mismunandi notkun rýmis í dansi hefur áhrif á skynjun áhorfandans.

- Hugtakinu tími og hvernig unnið er með það í spuna og danssköpun.
- Hugtakinu orka og hvernig unnið er með það í spuna og danssköpun.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nýta sér mismunandi hugmyndir um rými (space concept).
- Móta mismunandi mynstur í lofti og á gólfi í gegnum hreyfingu.
- Vinna með með áttir, lög (levels) og fleti í sköpun hreyfifrasa.
- Skynja styrkleika- og hraðabreytingar í hreyfingu.
- Skapa dínámík/orku í hreyfingu útfrá mismunandi takti og hrynjanda í tónlist.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tjá sig og vinna nokkuð sjálfstætt sem og í samvinnu við aðra nemendur útfrá grunnþáttum danssmíða.
- Nota fókus til þess að stýra rýmisskynjun í sköpun hreyfinga.
- Nota tíma sem tæki í danssköpun til þess að stýra skynjun áhorfandans.
- Skapa hreyfifrasa og ördansverk undir leiðsögn á áhugaverðan og persónulegan hátt.
- Taka þátt í uppbyggilegri og frjórri umræðu um verk sín og annarra og geti ígrundað og rökstutt mál sitt útfrá efni.

Námsmat

- Símat frá kennara

- Mætingareinkunn
- jafningjamat í forni samtals á milli nemenda
- vinnuskissur
- Verkefnavinna
- Lokaeinkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

KLASSÍSK DANSVERK – ÞÁTTTAKA Í LISTDANSSÝNINGUM

Titill: **Framhaldsáfangi** á klassískri listdansbraut, nemendasýningar

Skammstöfun: REPT2KA02

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: Klassísk dansverk - sviðsframkoma

Staða:

Prep: 2

Einingafjöldi: 2

Áfangalýsing:

Á hverju ári taka nemendur þátt í 1-2 listdanssýningum á vegum skólans. Unnið er að uppsetningu klassísks/neoklassísks dansverks. Nemendur læra hópdansa (corps de ballet) sem samræmast þeirra getustigi í ballett og á táskóm. Nemendur kynnst vinnuferli við að læra og setja upp verk. Þeir temja sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð í undirbúningsferlinu þar sem þeir læra að bera ábyrgð á eigin vinnu. Nemendur fá miklvæga innsýn inn í leikhúsvinnu og starf dansara í gegnum þekkt verk úr ballettsögunni eða frumsamin verk.

Forkröfur:

Grunnnám í klassískum listdansi til samræmis við efstu stig grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Undirbúningsferli og mismunandi verkþáttum danssýningar.
- Hvernig klassísk dansverk og danssýning byggir á samstarfi hóps.
- Að heildarútkoma sýningar byggir á samverkandi þáttum þar sem dansinn, rýmið, lýsingarhönnun, búningar og leikræn tjáning skapa heildræna útkomu verks.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Tileinka sér öguð vinnubrögð.
- Vinna með öðrum að sýningu á gagnrýnin og uppbyggilegan hátt.
- Hugsa lausnamiðað í verkferli og sýna tillitsemi í samstarfi.
- Sýna sjálfstæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum.
- Taka ábyrgð á eigin hlutverki og skila því sem til er ætlast.
- Koma fram á sviði sem hluti af hóp.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá **sérhæfðu** þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna á agaðan hátt, undir leiðsögn, að undirbúningi sýningar, í samstarfi við hóp.
- Dansa af öryggi á sviði sem hluti af hóp.
- Túlka og tjá efnivið dansverks út frá gefnu hlutverki innan hópsins.

Námsmat

- Símat frá kennara.
- Mætingareinkunn.
- Jafningjamat í formi samtals á milli nemenda.
- Sviðsframkoma út frá gefnu hlutverki í klassísku dansverki.
- Lokaeinkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, nemendasýningar

Skammstöfun: REPT3KB02

Námshgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: Dansverk - sviðsframkoma

Staða:

Þrep: 3

Einingafjöldi: 2

Áfangalýsing:

Byggt er á reynslu úr fyrri repertoire áfanga. Nemendur læra og setja upp klassísk/ neoklassísk dansverk undir handleiðslu og æfingastjórn kennara. Nemendur í þessum áfanga takast á við meira krefjandi hlutverk í samræmi við aukinn styrk og getu í ballett og tásóm. Nemendur læra hópansa, tríó, dúetta og/eða jafnvel sólóa.

Forkröfur:

REPT2KA02

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Samhæfðu verkferli við uppsetningu dansverks.
- Hvernig kaflaskiptingar í tónlist og hreyfingu kallast á í gegnum mismunandi hópsenur og hlutverk.
- Rýmisnotkun og samspili rýmis við formgerð hreyfinga og kóreógrafíu verks.
- Dansefnivið og samþættingu ólíkra þátta í danssýningu á sviði.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna með öðrum á gagnrýnin og uppbyggilegan hátt að uppsetningu sýningar.
- Hugsa lausnamiðað í samþættu verkferli og sýna tillitsemi í samstarfi.
- Sýna sjálfstæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum.
- Taka ábyrgð á eigin hlutverki og skila því sem til er ætlast.
- Koma fram á sviði sem hluti af hóp.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá **sérhæfðu** þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna á agaðan hátt, undir leiðsögn, að undirbúningi sýningar, í samstarfi við hóp.
- Dansa af öryggi á sviði útfrá gefnu hlutverki sem hluti af hóp í gegnum fjölbreyttar kaflaskiptingar dansverks.
- Túlka og tjá efnivið dansverks á listrænan hátt útfrá gefnu hlutverki innan hópsins.

Námsmat

- Símat frá kennara.
- Mætingareinkunn.
- Jafningjamat í formi samtals á milli nemenda.
- Sviðsframkoma útfrá gefnu hlutverki í klassísku dansverki.
- Lokaeinkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Framhaldsáfangi á klassískri listdansbraut, útskriftarsýning

Skammstöfun: **REPT4KC03**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Klassískt dansverk - sviðsframkoma**

Staða:

Prep: **4**

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing:

Byggt er ofan á reynslu nemenda úr fyrri repertoire áföngum. Nemendur læra og setja upp klassísk/neoklassísk verk undir handleiðslu og æfingastjórn kennara. Í þessum áfanga geta nemendur tekist á við hlutverk sólóista/aðaldansara auk þess að dansa í hópatriðum. Þeim er treyst fyrir eigin vinnu og geta sjálfir lært dansa af myndbandi og aflað sér upplýsinga um hlutverk sín. Rík áhersla er lögð á sjálfstæð og öguð vinnubrögð sem undirbúningur fyrir framhaldsnám/atvinnumennsku.

Forkröfur:

REPT3KB02

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Efnispáttum og hlutverkum verks sem unnið er að.
- Samþættingu dans og líkamshreyfinga við klassíska tónlist verks og hvernig dýpka má blæbrigði hreyfinga og túlkun með því að virkja næma hlustun og listrænt innsæi.
- Rýmisnotkun og formræna sviðsetningu verks.
- Samspili verks við áhorfendur og hvernig áhorfendur upplifa dansverk á mismunandi hátt út frá persónulegri túlkun og eigin reynsluheimi.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Sýna sjálfstæði, frumkvæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum.
- Vinna á agaðan hátt við uppsetningu verks og sýna góða samstarfshæfni.
- Vinna út frá sjálfum sér og nálgast viðfangsefni verks af innsæi og listrænum þroska.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna undir stjórn að uppsetningu á danskafla úr þekktu klassísku dansverki.
- Túlka og tjá efnivið dansverks út frá gefnu hlutverki innan hópsins.
- Miðla af listrænum þroska sínum í vinnuferli með listrænum stjórnanda og danshóp.
- Miðla af listrænum styrk sínum á opinberum vettvangi sem þátttakandi í metnaðarfullri listdanssýningu.

Námsmat

- Símat frá kennara.
- Mætingareinkunn.
- Jafningjamat í formi samtals á milli nemenda.
- Sviðsframkoma út frá gefnu hlutverki í klassísku dansverki.
- Lokaeinkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

(Kjarni/bóknámshluti)

Titill: **Grunnáfangi á listdansbraut, listdanssaga**

Skammstöfun: **LDSA2UP05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Listdanssaga – Upphaf og þróun**

Staða:

Þrep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Fjallað er um upphaf og þróun ballettsins frá því um 1600 fram til 1950 og hugmyndafræði hans hvað varðar þjálfun, danssköpun og fagurfræði. Nemendur eru kynntir fyrir stóru ballettverkunum sem verið hafa á efnisskrá stóru ballettflokkanna allt frá fyrri hluta 19. aldar, fjallað er um áhrif mórernisma á þróun ballettsins og Ballet

Russes. Hugmyndum nýklassíkurinnar eru einnig gerð skil. Tilurð og þróun nútímalistdans (móðern dans) frá því um 1900 fram til 1950 er rakin í áfanganum, frumkvöðlar hans kynntir og hugmyndafræði þeirra um þjálfun, danssköpun og fagurfræði. Ennfremur eru könnuð tengsl listgreinarinnar við „afþreyingariðnaðinn“. Fjallað er um upphaf jazzdansins og dansstílar eins og stepp og samkvæmisdansar sem voru mikilvægir í söngleikjum (dans- og söngvamyndum) skoðaðir. Í áfanganum er saga og þróun listdanssins sett í samfélagslegt samhengi og í samhengi við tilurð og þróun annarra listforma á sama tíma. Sjónum er beint að útbreiðslu listdanssins frá svæðum eins og Frakklandi, Rússlandi, Ameríku og Þýskalandi til annarra landa Vestur-Evrópu og landnámi hans á Íslandi. Í áfanganum læra nemendur að nýta sér veraldarvefinn til upplýsingaröflunar en myndbönd og ljósmyndir eru mikilvægur þáttur kennslunnar. Nemendur læra að tileinki sér þessa miðla sem leið til umfjöllunar um listformið.

Forkröfur:

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hugmyndafræði sem móðern dans og póstmóðern dans byggja á.
- Tengslum nýrra hugmynda í dansi og samfélagsins sem þær spretta úr.
- Hvernig nýjar hugmyndir um dans leiða af sér nýjar leiðir í danssköpun, þjálfun og atvinnumöguleikum dansara.
- Tengslum danslistar við samtíma sinn og þróun annarra listgreina á sama tíma.
- Tengslum danslistar og „afþreyingariðnaðar“ og hlutverki hennar í söngleikjum og kvikmyndum fram til 1950.
- Helstu upphafsmönnum, dansflokkum og áhrifavöldum frá upphafi listdanssögunnar til ársins 1950.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Afla sér sögulegra upplýsinga um dans úr sögulegum textum og myndefni.
- Bera saman hugmyndafræði móðern dans og balletts annars vegar og móðern dans og póstmóðern dans hins vegar.
- Fjalla um listdans í orði og í rituðu máli sem og að kynna listgreinina í sögulegu samhengi í máli, myndum og hreyfingu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Átta sig á möguleikum listdansins sem viðfangsefni fræða.
- Greina og flokka helstu strauma og stefnur listdansins frá tímabilinu út frá menningarlegu og sögulegu samhengi.
- Fá aukna vísýni á listgreinina dans og geti með því sett þekkingu sína á danslist í samfélagslegt og alþjóðlegt samhengi.

Námsmat

- Símat frá kennara.
- Mætingareinkunn.
- Verkefnavinna og próf.
- Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.
- Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatsþáttum.

Titill: Lokaáfangi á listdansbraut, listdanssaga

Skammstöfun: **LDSA3PD05**

Námsgrein: listdans

Útgáfunúmer:

Viðfangsefni: **Listdanssaga – Þróun danslistar**

Staða:

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Forkröfur:

LDSA2UP05

Áfangalýsing:

Í áfanganum er áframhaldandi umfjöllun um þróun ballettsins, nútímadansins (módern dans) og

jazzdansins. Sem fyrr er þróun danslistarinnar sett í samfélagslegt og listrænt samhengi og útbreiðsla hennar skoðuð út fyrir mörk hins Vestræna heims. Áhrif frá öðrum menningarheimum eru skoðuð og fjallað um hugmyndir í dansþjálfun, danssköpun og fagurfræði listdansins sem fram koma eftir seinna stríð eins og póstmódern dans, hið Japanska Butoh, þýska Tanzteatre og fleira. Umfjöllun um listdans á Íslandi verður í

brennidepli í þessum áfanga enda nær hann fyrst varanlegri fótfestu hér á landi eftir 1950. Fjallað verður lauslega um stöðu danslistarinnar í heimi menntunar og fræða auk þess sem mörk listformsins eru rædd út frá listdansveruleikanum á Íslandi. Áhersla er lögð á að nemendur fái frekari þjálfun í öflun og úrvinnslu heimilda um listgreinina í gegnum sjálfstæða verkefnavinnu og hafi í því augnamiði kynnt sér tímarit og fræðibækur um listdans.

Forkröfur:

LDSA2UP05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Fjölbreyttum stílbrigðum listdansins sem hafa þróast á síðustu áratugum og þekki félagslegan og sögulegan bakgrunn þeirra.
- Möguleikum listdansins sem listforms og hvernig það þróast áfram og breytist með nýjum viðhorfum og áherslum í samtímalist.
- Þróun listdansins á Íslandi eftir 1950.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Afla sér heimilda og upplýsinga um sögu listdansins.
- Vinna sjálfstætt í verkefnatengdri vinnu sem einstaklingur og í samstarfi við aðra nemendur.
- Tjá sig um listgreinina á rökrænan hátt, líkamlega, munnlega og skriflega.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nota heimildir og upplýsingar um listdans við úrvinnslu verkefna sem og í áframhaldandi námi og starfi.
- Setja þekkingu sína í samfélagslegt og alþjóðlegt samhengi, verklega og með umræðu, lestri, hlustun, áhorfi, greiningu, flokkun og samanburði.
- Miðla af kunnáttu sinni á fjölbreyttan hátt s.s. verklega, munnlega og skriflega.

Námsmat

- Símat frá kennara.
- Mætingareinkunn.
- Verkefnavinna og próf.
- Lokaeinkunn felur l sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.
- Einkunn tekur mið af ofangreindum námsmatspáttum.

